

29.04.2021

MIKLUBRAUTARSTOKKUR

Teiknistofan Tröð - Kanon arkitektar - VSÓ ráðgjöf

**UPPBYGGING Á OG VIÐ VEGSTOKK Á MIKLUBRAUT VIÐ
SNORRABRAUT. ÞVERUN BORGARLÍNU FRÁ
ARNARHLÍÐ AÐ SNORRABRAUT OG BURKNAGÖTU**

HUGMYNDALEIT

INNGANGUR

Með samkomulagi um uppbyggingu Miklubrautarstokks og Borgarlínu hafa stjórnvöld varðað veginn og markað stefnu sem gerir borgurunum kleift að búa og starfa í umhverfisvænna umhverfi en áður.

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir hugmyndum að fyrirkomulagi uppbyggingar við og á Miklubraut í stokki, þverun Borgarlínu, göngu- og hjólastíga yfir Miklubraut og staðsetningu kjarnastöðvar Borgarlínu.

Frumdrög Borgarlínukerfisins liggja fyrir og þar er gert ráð fyrir kjarnastöð tveggja meginleiða Borgarlínu, austur-vestur leið og norður-suður leið við stökkinn.

Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í tengslum við stökkinn og kjarnastöðina eflir bakland Borgarlínukerfis og tækifæri fæst til að tengja aðliggjandi hverfi saman í eina órofna heild.

Framkvæmdirnar við stökkinn og uppbyggingu í tengslum við hann hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og íbúa utan þess svæðis sem afmarkað er vegna hugmyndaleitarinnar.

Í hugmyndaleitinni er svæðið til austurs að Rauðarárstíg nú til skoðunar, en til framtíðar er litið til þess að Miklubraut fari í stökk að Kringlusvæðinu.

HLUTVERK MIKLUBRAUTARSTOKKS

LANDSPÍTALI

NORÐURMÝRI

SAMGÖNGU
MIÐSTÖÐ

KLAMBRATÚN

HLÍÐAHVERFI

- Hindrunarlaust flæði umferðar á Miklubraut milli Kringlumýrarbrautar og Nauthólsvegur
- Samþætting byggðar
- Samgöngumiðstöð, Borgarlínu, Strætó, flugrútan, landsbyggðarútur

HRINGBRAUT

NAUTHÓLSVEGUR

MIKLUBRAUT

KRINGLUMÝRARBRAUT

MEGINHUGMYND

Hugmyndaleitin byggir á stefnu og markmiðum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030/2040 um breyttar ferðavenjur, vistvænar samgöngur og þéttingu byggðar, einkum við stoppistöðvar Borgarlínu.

Áherslan er á samþættingu byggðar í Hlíðunum, Norðurmýri, Þingholtum og Hlíðarenda og á vistvænar samgöngur, blandaða byggð í mannlegum mælikvarða og aðgengi að fjölbreyttum almenningsrýmum. Hverfi norðan og sunnan Miklubrautar sameinast nýju hverfi á Hlíðarenda og Landspítalalóð ásamt nýju hverfi ofan á stökk.

Með tilkomu stokksins er lögð til ný samgöngumiðstöð, Miklatorg/(stóri Hlemmur), ofan og neðanjarðar. Þar er m.a. karnastöð Borgarlínu ásamt margbreytilegri starfsemi, verslun og þjónustu. Um Miklatorg hverfast og sameinast gróin hverfi Hlíðanna, Norðurmýrar, Þingholta og nýja hverfið á Hlíðarenda og vestan Öskjuhlíðar, sem tengjast við kjarnastöð Borgarlínu. Samgöngumiðstöðin er á mótum Miklubrautar, Snorrabrautar, Arnarhlíðar og Bústaðavegar, við nýja byggð á Landspítalalóð, á mörkum upphafsbyggðar í Norðurmýri og nýbygginga í suðri.



LEIÐARLJÓÐS

- Ný byggð á svæðinu verði öflugt bakland fyrir nýja samgönguhætti, m.a. Borgarlínu, sem er ásamt Miklubrautarstokki, aflvaki umfangsmikillar umbreytingar svæðisins í mannvænlega byggð með fjölgun íbúða og aukið atvinnuhúsnæði í næsta nágrenni stórra vinnustaða og skóla.
- Á svæðinu verði margbreytilegt, vandað og vistvænt búsetu- og atvinnuumhverfi með félagslega fjölbreytni, fjölpætta menningarstarfsemi, umhverfisvænan lífstíl, lýðheilsu og lífsgæði að leiðarljósi.
- Umhverfissjónarmið verði í hávegum höfð og ný byggð þrjónuð við núverandi byggingar og mannvirki með áherslu á gæði byggðar og falleg almenningsrými í manneskjulegum mælikvarða, þar sem listaverk verði samofinn hluti umhverfis. Skjólgóð, sólrík og gróðursæl svæði eru sett á oddinn.
- Umferð gangandi og hjólandi milli staða er einn vistvænasti ferðamátinn og sá skilvirkasti á styttri leiðum. Lögð er áhersla á gæði og upplifun í tengslum við þær umferðarleiðir. Þessar tengingar í næstu hverfi og bæjarhluta verði greiðar og fallegar. Borgarmiðað gatnakerfi með breiðum gangstéttum og hjólareinum stuðli að virku flæði fólks um svæðið og almenningsrýmin veiti aðstöðu til að staldra við.
- Aðliggjandi íbúðarhverfi og stórir vinnustaðir endurheimti tengingu við Öskjuhlíð og miðbæinn með fjarlægingu hindrana, þar sem stofnbrautarumferð er færð í stökk og byggð ný samgöngumiðstöð.

MARKMIÐ

Nýtt miðsvæði sem samanstendur af fjölbreyttri blöndu íbúða, verslunar- og atvinnustarfsemi ofan á og við vesturenda Miklubrautarstokks, sem brúar norður- og suðurhluta svæðisins með öruggum hætti verður til. Almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur eru í forgangi á svæðinu.

Miklabraut í stökk við Landspítalalóð - Hlíðarenda og Norðurmýri - Hlíðar gerir svæðið/hverfin að samfelldri heild með fleiri öruggum tengingum við íþróttasvæði Vals, útivist í Öskjuhlíð og Nauthólsvík og fyrirhugaða framtíðarbyggð í Vatnsmýri. Svæðið/hlemmurinn sem verður til ofan á Miklubrautarstokki er einstakt og opnar fyrir afturhvarf til upphaflegs skipulags og gæða byggðar. Nýttur er hæðarmismunur í landi fyrir hina ólíku samgöngumáta og byggð samgöngumiðstöð sem bindur saman hverfin sem áður voru skilin að með þungum umferðaræðum. Þessi staðsetning er einstaklega góð m.a. vegna nálægðar við gróin íbúðahverfi, nýbyggingarsvæði, háskóla og ein fjölmennustu vinnustaði, borgarinnar, auk uppbyggingarmöguleika samkvæmt skipulagi í Vatnsmýri.

Öruggt, skilvirkt og fallett aðgengi eykur á gæðin og er til þess fallið að þróa nútímalegt og lífvænlegt bæjarumhverfi í samhljómi við hverfin í kring. Uppbygging íbúðar-, verslunar- og atvinnuhúsnæðis í tengslum við stökkinn og kjarnastöðina styrkir byggðina beggja vegna Miklubrautar og gerir hverfin umhverfis að samfelldri heild, með skemmtilegum götum og bæjarrýmum.

Vegstokkur nýtist sem best til að draga úr umferðarhávaða og bæta borgarumhverfið, ásamt því að til verður nýtt svæði ofan á honum og við m.a. við kjarnastöðvar Borgarlínu. Hagkvæm notkun sem færir íbúum hverfis og öðrum borgurum aukin gæði og þjónustu í nærumhverfinu.

Skipulag samgangna og hreyfanleiki fyrir gangandi, hjólandi og almenningsamgöngur verður í forgrunni og hagsmunir þeirra ferðamáta teknir fram yfir hagsmuni umferðarflæðis annarra vélknúinna ökutækja, einkum á yfirborði. Þó verði hagsmunir neyðarbíla hafðir í fyrirúmi og tekið tillit til umferðarflæðis á stofnbrautum og tenginga við gatnakerfið á yfirborði. M.a. er gert ráð fyrir akstursaðkomu frá stökknunum beint að miðstöð flugrútu og áætlunar á landsbyggðina og bílageymslum Landspítalalóðar. Í þessu samhengi er höfð til hliðsjónar sýn Vegagerðarinnar um stofnvegi vegna Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040. Fylgt verði viðurkenndum leiðbeiningum um t.d. breiddir gatna og stíga, hámarks langhalla, beygjuradíusa o.fl.

Eitt af meginmarkmiðum hugmyndarinnar er að hin nýja aðstaða og uppbygging lagi sig að svæðinu og fyrirliggjandi byggð, styrki það og endurheimti aðgengi almennings að margbreytilegu umhverfinu og hverfisbúa innan þess. Borgarmyndin er styrkt og einkenni hvers hverfis fær notið sín. Nýtt öflugt bæjarhverfi og ný samgöngumiðstöð með margbreytilegri og gróskumikilli starfsemi og þjónustu á grunni stefnumörkunar aðalskipulags Reykjavíkur, samofið umhverfi sem fyrir er, verður til.

Lögð er áhersla á hagkvæm uppbyggingartækifæri við stökkinn. Það einfaldar alla gerð stokks og nýbygginga, ásamt því að mynda nauðsynlegt andrými milli gamalgróins hverfis í smáum mælikvarða og nýrrar byggðar með borgaryfirbragði. Eskihlíð endurheimtir fyrri legu og tengist Gunnarsbraut í Norðurmýri og Miklatorg sem til var fyrir hina almennu bílaeign sem mörgu breytti á sjöunda áratug síðustu aldar. Byggðin verður samtengd á ný en Hlíðar voru klofnar í tvennt með stofnbraut sem kom fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983 í anda hugmyndafræði þess tíma.

AÐFERÐAFRÆÐI

Samhliða upphafsskrefum í hugmyndaleitinni um byggðarmynstur, hófst vinna við skipulag samgangna. Samgöngur voru kortlagðar og greining gerð á núverandi aðstæðum, mannvirkjum, götum, stígum, helstu umferðarstraumum, umferð almenningsgangna og öðru sem skiptir máli í þessu tilliti. Áhersla var á að skilgreina almennar og áþreifanlegar áskoranir og ákveða markmið. Í kjölfarið var unnið að því að finna leiðir til að uppfylla óskir Reykjavíkurborgar um skipulag samgangna, rými og flæði fyrir ólíka ferðamáta sem henta þróun svæðanna. Kjölfestan er Borgarlínan eins og hún er fyrirhuguð og kjarnastöð við hana.


Tillaga að veg- og hæðarlínum Borgarlínu um svæðið ýtir undir staðsetningu heppilegrar kjarnastöðvar sem tengir saman ólíkar leiðir að teknu tilliti til þess byggðarmynsturs sem mælt er með í heildartillögunni. Hentug samþætting, með útgangspunkt í samgöngumiðuðu skipulagi er í heiðri höfð. Tillaga að legu Borgarlínu gangi jafnframt upp utan svæða sem tillögugerðin nær til og tryggt sé að samfella sé við kerfið í heild sinni.

STAÐARVALSGREINING

Vorið 2018 kynnti Reykjavíkurborg ýmsa þróunarmöguleika fyrir svæði ofan á Miklubraut í stökk, sem unnið hafði verið frummat á m.a. í tengslum við hverfisskipulagsvinnu í Borgarhluta 3.

Staðarvalsgreinining var gerð á staðsetningu kjarnastöðvar og hvernig hún tengist umhverfi sínu og framtíðarbyggð sem best. Fyrir kjarnastöðina er rýmisþörf metin út frá fyrirbyggjandi gögnum, gerð tillaga að almennu skilvirku fyrirkomulagi brautarpalla og innbyrðis tengslum, auk tengi- og skiptimöguleika við strætó og langferðarbíla,

Áhersla er á öruggt og þægilegt aðgengi gangandi og hjólandi og skilvirkt kerfi akandi langferðarbíla og einkabíla um stökk við skiptimöguleika kjarnastöðvar í samgöngumiðstöð. Unnið er með mælikvarða og jákvæð áhrif á upplifun notenda með góðri rýmismyndun og greiðu gatnakerfi. Hugað er að vöruaðkomum vegna þjónustustarfsemi og sleppistæðum einkabíla. Stuðst er við gátlista úr viðurkenndum leiðbeiningum og reynslu erlendis frá.



Tveir staðir fyrir kjarnastöð Borgarlínu við Miklubrautarstökk voru skoðaðir, Umferðarmiðstöðvarreitur BSÍ og Miklubraut/Snorrabraut:

1. Umferðarmiðstöðvarreitur BSÍ. Svæðið er síður tengt stokki og nýrri byggð en Miklubraut/Snorrabraut og akkur í því að flytja nýja umferðarmiðstöð austar að gatnamótum Miklubrautar og Snorrabrautar þar sem aðstæður rúma alla ferðamáta á krossgötum. Núverandi svæði og lóð Umferðarmiðstöðvar nýtist fyrir nýja uppbyggingu.
2. Miklubraut/Snorrabrat-Miklatorg. Flest jákvæð tækifæri felast í kjarnastöð (verður samgöngumiðstöð) við Miklatorg þegar horft er til heildarhagsmuna farþega Borgarlínukerfisins. Umferðaleiðir allra samgöngumáta rúmast á staðnum. Strætó mun ýmist nýta sérrými Borgarlínu eða almennar umferðargötur á svæðinu.

Staðsetningin liggur betur fyrir akstursleiðum almenningsgangna á leið suður - norður sem geta tengst henni án þess að lengja akstursleiðir.

Gengið er út frá þverun Borgarlínu norður suður frá Arnarhlíð, að Snorrabraut og Burknagötu og austur vestur um Miklubraut ofaná stökk og um Burknagötu á Landspítalalóð.

Í kjölfar niðurstöðu greininga og viðbragða fulltrúa Reykjavíkurborgar ákvað teymið að vinna áfram með tillögu þar sem kjarnastöð á nýju Miklatorgi verður einnig ný samgöngumiðstöð þar sem öllum fararmátum er fyrirkomid á einn stað ásamt fjölþættri þjónustu.

BORGARLÍNA

SNORRABRAUT

KJARNASTÖÐ

- Kjarnastöð Borgarlínu á Miklatorgi
- Borgarlína austur-vestur leið um Miklubraut og Landspítala
- Borgarlína norður-suður leið um Landspítala, Arnarhlíð, Fossvog

STOKKURINN OG UPPBYGGINGARMÖGULEIKAR

Gert er ráð fyrir að endanlegur stokkur nái austur fyrir Kringlu en að hægt verði að komast í hann og úr honum vestan Kringlumýrabrautar. Stokkurinn mun verða fjögurra akreina og mun umferð um hann verða í kringum 40.000 bílar á sólarhring. Byggð við stökk austan Rauðarárstígs mun verða fjölbreytileg og kærkomin viðbót við Hlíðahverfi og tengja saman norður og suður Hlíðar.

Möguleg lengd stokksins til vesturs var skoðuð ásamt umfangi aðreina og fráreina. Niðurstaðan var að mikill ávinningur fyrir flæði umferðar og gæði umhverfis í byggð beggja vegna stokks, væri að stokkurinn næði vestur fyrir Fálkahlíð/Blóðbergsgötu.

Skoðaðir voru uppbyggingarmöguleikar með tilkomu stokksins. Heildarlengd stokksins á þessu svæði er með aðrein og frárein 1,4 km.

Hlíðahverfi og Norðurmýri eru gróin, fastmótuð og heilsteypt byggð, fyrsta skipulagða byggðin utan Hringbrautar sem byggðist upp á árunum 1930-1955. Dagvöruverslanir voru víða í upphaflegri byggð, gjarnan á hornlóðum. Skógarhlíðin er verðandi umbreytingahverfi, sem byggist upphaflega upp sem athafnasvæði um miðbik 20. aldar, en lagt er til að verði endurskipulagt sem miðsvæði og íbúðarbyggð.

Uppbygging Hlíðarenda og svæðis vestan Öskjuhlíðar hófst í kjölfar samþykks deiliskipulags árið 2014 og hafa nú risið fjölmörg íbúðarhús randbyggðar og stúdentaíbúða, þriggja til fimm hæða bygginga. Möguleiki er á frekari byggð við Nauthólsveg og Flugvallarveg og tengir hún nýbyggingarhverfi Öskjuhlíðarhverfis við Hlíðahverfi.

Uppbyggingarmöguleikar voru skoðaðir út frá því „landi“ sem myndast við tilurð stokksins.

Við úrvinnslu tillögunnar var lögð áhersla á samtengingu byggðar við Miklatorg,

uppbyggingu nýbygginga að stokknum, með áherslu á aukið hlutfall íbúða og atvinnuhúsnæði ásamt tengingu við nærliggjandi stór almenningsrými sem verða örugg og skilvirk og falleg að Öskjuhlíð, Nauthólsvík, Klambatúni og Hljómskálagarði.

Helstu tækifærin til uppbyggingar í tengslum við stokkinn nú, eru vestan og sunnan hans umhverfis Miklatorg. Þar má gera ráð fyrir blandaðri byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis við rólegar umferðargötur.

Þá er gert ráð fyrir að byggð suðaustast á Landspítalalóð geti tekið breytingum vð tilkomu Miklubrautarstokks.

MEGINFYRIRKOMULAG BYGGÐAR

Hverfi norðan og sunnan Miklubrautar sameinast nýju hverfi á Hlíðarenda og Landspítalalóð ásamt nýju hverfi ofan á stokk.

Með tilkomu stokksins má endurheimta tengsl og sameina á ný gróna byggð í Hlíðum, Norðurmýri og Þingholtum. Þá verður ný byggð vestan Öskjuhlíðar, við Hlíðarenda og á Landspítalalóð, ásamt fyrirhugaðri byggð í Vatnsmýri samtengd eldri byggð, um stokkinn og Borgarlínu. Gatnanet hverfanna tvinnast saman í eina heild. Skipulag svæðisins byggir á einföldu og skýru gatnakerfi fyrir alla samgöngumáta. Umferð er hæg og skilvirk á forsendum gangandi og hjólandi vegfarenda. Akreinar eru í báðar áttir með samsíða bílastæðum og götutrú prýða umhverfið. Hjólandi og gangandi vegfarendur njóta greiðs og öruggs aðgengis um nýja hverfið sem tengist aðliggjandi byggð og útivistarsvæðum með samfelldum leiðum um íbúðagötur og stíga.

Eldra gatnakerfið s.s. við Eskihlíð og Gunnarsbraut endurheimtir fyrri legu og Miklartorg fær sinn sess á ný í nýrri samgöngumiðstöð.

Á krossgötum Snorrabrautar og Miklubrautar - Miklartorg, á reit suðaustan er gert ráð fyrir nýrri samgöngumiðstöð, sem hýsir m.a. kjarnastöð Borgarlínu. Þetta er þriggja fasa miðstöð samgöngukerfis sem um fara auk Borgarlínu og Strætó, langferðaráætlunarbílar, flugrútur, leigurbílar, rafskútur og reiðhjól. Almenn gegnumakstursumferð er neðst. Þaðan aka rútur að biðstöð. Þá fara Borgarlína, Strætó reiðhjól o.fl. um bogrargötu efst ofan á stokki. Á efri hæðum samgöngumiðstöðvar er gert ráð fyrir húsnæði undir ýmis konar starfsemi s.s. verslun, afþreyingu, þjónustu, skrifstofur, hótél, líkamsrækt og jafnvel íbúðir. Iðandi mannlíf þar sem fólk kemur og fer.

Nýtt hverfi íbúðarbygginga og atvinnuhúsnæðis verður til ofan á stokknum. Í mælikvarða og byggðarmynstri er það framhald Hlíðarenda og mögulegrar endurbyggingar við Skógarhlíð. Einnig er unnið með aðlögun að byggðarmynstri Landspítalalóðar og sýndir möguleikar á breytingum á byggingarreitum á suðvestursvæði þeirrar lóðar, sem einkum gert er ráð fyrir að byggist upp í síðari áföngum, við nýjan stokk. Byggð er þriggja til fimm hæða.

Í nýja hverfinu eru almenningsrýmin/bæjarrýmin, ekki síst á skjólgóðum, sólríkum hornum og virkja mannlíf ásamt stærri fjölbreyttum almenningsrýmum og útivistarsvæðum í nágrenninu, sem eru vettvangur fjölþættrar notkunar íbúa og annarra borgarbúa.

Borgarlína austur - vestur leið fer um stokk sem hefur upphaf við Kringlusvæðið og nær vestur fyrir Fálkahlíð á Hlíðarenda. Þannig nást bein tengsl um rólegar umferðargötur milli Hlíðarenda og Landspítalalóðar og sér til gömlu Landspítalabyggingar sem er í öndvegi í norðri við Sóleyjartorg.

Góðar tengingar allra ferðamáta eru við íþróttasvæði Vals sem verður mjög til bóta fyrir íbúa allra hverfa í kring. Hugmyndin sýnir fram á möguleika á tveimur nýbyggingarreitum á núverandi völlum vestan Arnarhlíðar. Hún stendur þó fyrir sínu þótt vellir verði áfram, enda verði góð tenging um Fálkahlíð að Blóðbergsgötu á Landspítalalóð. Velta má upp þeirri hugmynd að kanna hvort unnt sé að koma fyrir útivelli ofan á fyrirhugað íþróttahús syðst á íþróttavellinum. Gott sambýli íþróttasvæðis Vals og íbúðarbyggingar í nágrenninu hefur verið aðalsmerki í gegnum tíðina.

Við það að færa aðal Samgöngumiðstöð á nýjan stað opnast möguleikar til uppbyggingar á svo kölluðum Umferðarmiðstöðvarreit. Stefnu Sóleyjargötu er breytt til samræmis við íbúagötur í norðri og gatan framlengd til suðvesturs að Fífilsgötu og Burknagötu. Beggja vegna húss Umferðarmiðstöðvar BSÍ, sem stendur áfram og getur nýst til ýmissar starfsemi hverfinu til hagsbóta, eru þriggja til fimm hæða nýbyggingar fyrir íbúðar - og atvinnuhúsnæði. Norðan Sóleyjargötu er byggð lægri og gisnari og tvinnast við núverandi íbúðarhús og hverfisgarðinn Einarsgarð. Annar hverfisgarður norðan Eiríksgötu, við Snorrabraut, Bringan mun einnig nýstast nýju hverfi. Þá er gert ráð fyrir að svæði austan Samgöngumiðstöðvar, umhverfis gamla býlið Eskihlíð verði almenningsrými og útivistarsvæði í hverfinu.

KRINGLUMÝRARBRAUT

PERLAN

UPPBYGGING

KLAMBRATÚN

**SAMGÖNGU
MIÐSTÖÐ**

VERSLUN

ÍBÚÐARBYGGÐ

MIKLATORG

LANDSPÍTALI

BSÍ

- Miklatorg, miðstöð samgangna og mannlífs
- Verslun og þjónusta við samgöngumiðstöð
- Atvinnuhúsnæði og íbúðir við Kringlumýrarbraut
- Íbúðir á Hlíðarenda og BSÍ

UMHVERFISMÁL

Markmið með uppbyggingu og þéttingu byggðar á og við vegstokk er að bæta gæði borgarlífs. Teymið leggur fram grófa ábatagreiningu á hugmyndum um þróun svæðisins. Visthæfi og sjálfbærni tillögu er metin og byggir á venjubundinni nálgun í umhverfismati áætlana. Tillagan leggur einnig upp með að unnt sé að vistvotta skipulagsáætlanir og mannvirki á svæðinu skv. viðurkenndum vottunarkerfum s.s. BREEAM. Slíkar áherslur draga fram viðfangsefni sem þarf að skoða í heildarferli verkefnisins, allt frá skipulagsmótun og hönnun til framkvæmda og innleiðingar. Vottanir gefa viðkomandi hverfi ákveðinn gæðastimpil sem hefur m.a. áhrif á eftirspurn að taka þátt í verkefninu og að búa og starfa í nýju hverfi. Jafnframt auðveldar vottun fjármögnun verkefnisins.

Hugmyndin stuðlar að visthæfi svæðisins með eftirfarandi þáttum:

- Greining á samgöngum svæðisins og tengsl þess við aðra borgarhluta er lögð til grundvallar samgöngukerfis sem er vel tengt innan svæðis og við aðra borgarhluta óháð ferðamáta.
- Lögð er áhersla á aðgengi að Borgarlínunni sem er með hátt þjónustustig, uppbyggingu hjólastígakerfis og göngustíga. Einnig er litið til nauðsynlegra tenginga forgangsumferðar sem og bílaumferðar um og í gegnum svæðið.
- Áhersla er á gæði almenningsrýma. Hugmynd felur í sér gott aðgengi að almenningsrýmum og grænum útivistarsvæðum. Þá er lögð áhersla á að göngu- og hjólaleiðir séu aðlaðandi og tengingar góðar. Mannvirki eru staðsett þannig að þau myndi skjól frá veðri og hávaðamengun.
- Greining á félagslegum og hagrænum áhrifum er lögð til grundvallar hugmyndinni. Á svæðinu verður blönduð byggð þar sem uppbygging íbúðar og atvinnuhúsnæðis verður í tengslum við Borgarlínukerfið, þar sem tengsl byggðar, samgöngukerfa og almenningsrýma eru samþætt. Útfærsla byggðar stuðlar að hærra þjónustustigi og bættu aðgengi að nærþjónustu.

Meðal úrlausnarefna við mótun tillagna um fyrirkomulag uppbyggingar á og við Miklubraut í stokki eru þættir sem lúta að framkvæmdunum sjálfum og áhrifum þeirra á borgarlífið.

- Samráðsáætlun er gerð til að kortleggja aðkomu hagsmunaaðila að áætlanagerð til að auka gæði skipulagsáætlana og uppbyggingar á svæðinu.
- Gerð er áætlun um auðlinda- og orkunotkun á svæðinu til að stuðla að visthæfi svæðisins. Lagt mat á endurvinnslu á framkvæmda og rekstrartíma með það að markmiði að stuðla að endurvinnslu í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Huga skal að vistspori og úrgangsstjórnun.
- Meðhöndlun vatns og áhrif uppbyggingar á veitukerfi verði skoðuð með það að markmiði að almenningsrými og byggingar fangi sem mest af yfirborðsvatni og það verði nýtt eftir föngum á svæðinu.
- Nánari greining og útfærsla á þeim hugmyndum sem hér eru settar fram þannig að enn frekar verði stuðlað að gæðum og visthæfi byggðar.

SAMGÖNGUR

Svæðið verður vel tengt við umhverfi sitt óháð vali á samgöngumáta.

Stofnstígar hjólréiða í austur-vestur tengjast stíg frá Fossvogsbrú og áfram til norðurs. Kjarnastöðin gefur möguleika á tengingum með almenningssamgöngum til allra átta.

Framlenging gatna eins og Skógarhlíðar yfir stokkinn fjölgar valmöguleikum gangandi hjólandi og einkabílaumferðar. Þannig verður núverandi hindrunum í leiðarvali rutt úr vegi.




Rólega einkabílaumferð og almenningssamgangna verður ofan á stokknum og þannig verður hægt að komast alls staðar á milli hverfa norðan og sunnan stokks sem og inn og út úr þeim. Þetta fyrirkomulag tryggir gott flæði umferðar allra samgöngumáta milli eldri og nýrri hverfa.

Borgarlínuleið ofan á stökk og yfir Fossvogsbrú nýtist Borgarlínu og Strætó. Almenningsamgöngur af landsbyggðinni og rútur sem þurfa ekki að stöðva á biðstöðum í Hlíðum fara hinsvegar um stokkinn og þaðan inn í kjallara samgöngumiðstöðvar. Þannig samfléttast öll þjónusta almenningssamgangna, gangandi og hjólandi í einni miðstöð samgangna.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að aka beint úr stokknum inn í bílarkjallara á Landspítalalóð við Hringbraut og bent er á möguleikann að tengja stokkinn til norðurs upp Snorrabraut.

Hægt verður að komast frá Bústaðavegi/iSnorrabraut/Nauthólsvegi austur stokkinn móts við stokkinn.



Á kjarnastöð/Samgöngumiðstöð ofan á stökk tengjast nokkrar leiðir Borgarlínu og stofnleiða Strætó. Áætlað er að vagnar á stofnleiðum aki á 7-10 mínútna fresti á annatímum og 15-20 mínútna fresti utan annatíma. Áformað er að Borgarlínan leysi hluta stofnleiðanets Strætó af hólmi eftir því sem sérrými Borgarlínu byggist upp. Stofnleiðanetið tengist síðan almenna leiðanetinu þar sem tíðni er minni, 15 mínútur á háannatíma og á 20-30 mínútur utan annatíma.

HVAÐ ER MIKLUBRAUTARSTOKKUR? 1,4 KM 40.000 BÍLAR

- Niðurgrafin, yfirbyggð, fjögurra akreina hraðbraut
- Bústðarvegur tengist Snorrabraut yfir stokkinn
- Langahlíð tengist yfir stokkinn

LANDSPÍTALI

MIKLATORG

SNORRABRAUT


LANGAHLÍÐ

MIKLABRAUT

KRINGLUMYRARBRAUT

HRINGBRAUT

BÚST



BORGARLÍNA


Samgöngumiðstöð á Miklartorgi er með gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur og allar helstu almenningssamgöngur. Þar koma við Borgarlína, Strætó, flugrúta og áætlunarferðir á landsbyggðina. Samgöngumiðstöðin er á tveimur hæðum ofan á umferðarstokknum, þar sem landsbyggðarrútur eru á neðri hæð, með beinni tengingu við umferðarstokkinn.

Þetta eru krossgötur Borgarlínu og Strætó. Leiðir eru skýrar að brautarpöllum og á milli þeirra fyrir farþega sem eru að skipta. Þarna mætast austur-vesturleið og norður-suðurleið sem liggur yfir Fossvogsbrú. Þetta tryggir góðar skiptingar á milli norður-suðurleiða og austur-vesturleiðar með stuttum og öruggum gönguleiðum.

Líklega verða ekki margar almennar strætóleiðir sem tengjast í kjarnastöðinni í endanlegri útfærslu kerfisins en þær sem það gera munu aka eftir Borgarlínubrautum að stöðinni. Gert er ráð fyrir að leiðir utan af landi komi um stokkinn og stöðvi í kjallara kjarnastöðvarinnar.

Ef miðað er við fyrirliggjandi tillögur að nýju leiðaneti almenningssamgangna má gera ráð fyrir að þær fimm stofnleiðir sem fara um kjarnastöðina þróað yfir í að verða Borgarlínuleiðir (A,C,F,G) en ein leið (J) verði áfram almenn strætóleið. Auk þess má gera ráð fyrir að þrjár Borgarlínuleiðir (B,D og E) komi úr vesturátt og verði með endastöð við kjarnastöðina.

Miðað við að nokkrar leiðir eru með endastöð við kjarnastöðina er talið heppilegast að vera með tvo tvöfalda Borgarlínupalla og akrein fyrir framúrakstur til að vagnar komist framhjá kyrrstæðum vögnum, þó svo að vagnafjöldinn kalli ekki beint á svona stóra stöð. Þannig er tryggt að þjónustan verði góð þó að leiðanetið þróað á annan hátt en áætlanir gera ráð fyrir. Auk þessa leiðir með endastöð við kjarnastöð B, D og E





Yfirlit yfir leiðir og vagnafjölda samkvæmt tillögu að nýju leiðaneti

Leið	Stefna	Tíðni	Földi/klst	Gerð
B	A-V	7	8	Borgarlína
C	S-V	10	6	Borgarlína
E	A-V	10	6	Borgarlína
F	A-V	10	6	Borgarlína
G	N-S	10	6	Borgarlína
J	S-A	15	4	Almenn leið

SAMGÖNGUMÍÐSTÖÐ

MIKLATORG





SAMGÖNGUR

SAMGÖNGU
MIÐSTÖÐ
MIKLATORG

BORGARLINA
NORÐUR-VESTUR LEIÐ

BÚSTADARVEGUR

FOSSVOGSBRÚ

BORGARLINA
NORÐUR - SUÐUR LEIÐ

GÖNGUSTÍGUR

STOKKURINN

HRINGBRAUT

HJÓLASTÍGUR

Stoppar þessi
vagn á
Römbblunni?

Hvenær kemur
Borgarlínan?

Ég keypti
íbúð við
Elliðaárnar!

BSÍ



ÁFANGAR

Gerð er grein fyrir heppilegum verkáföngum um uppbyggingu samgöngumannvirkja og byggðar og röð þeirra, auk hugleiðinga um mögulegar hjáleiðir á verktíma.

Framkvæmdum má skipta í þrjá megináfanga:

1. Fyrsti og jafnframt stærsti áfanginn er gerð Stokks frá Arnarhlíð að Rauðarárstíg með Samgöngumiðstöð og Borgarlínuleið um Arnarhlíð. Hluti af þessum áfanga væri bráðabirgðaakstursleið fyrir almenningsamgöngur að og frá Miklubraut að Kjarnastöð. Til að þetta sé hægt með sem minnstu ónæði og truflun þarf að ganga tímabundið inn á Klambratún
2. Annar áfangi væri uppbygging í nágrenni við Samgöngumiðstöð,/kjarnastöð og Landspítalalóð.
3. Þriðji áfangi er lenging á stökk, Borgarlínuleið ofan á stökk og uppbygging meðfram Miklubraut.

Hverjum ofangreindra áfanga má skipta í undiráfanga.

„Framkvæmdir valdi sem minnstu ónæði og truflunum fyrir íbúa og vegfarendur skv. greinargóðri lýsingu á raunhæfu fyrirkomulagi og röð verkáfanga á framkvæmdatíma.“

HAGRÆN GREINING

Útfærsla hugmyndar að blandaðri byggð og auknum gæðum byggðarinnar, sem felst m.a. í bættum loftgæðum og að hljóðvist er innan marka viðmiða sem koma fram í kröfum. Aðgengi að fjölbreyttum ferðamátum mun móta eftirsóknarverð hverfi. Með uppbyggingu skapast talsverð verðmæti. Hluti þess tengist virði byggingarréttar og hækkun á virði eigna í nágrenni svæðisins. Gert er ráð fyrir að Miklubrautarstokkur verði byggður í áföngum og samhliða því breytist umhverfi Miklubrautar. Með hugmyndinni er mótaður mikilvægur tengipunktur fyrir alla ferðamáta, sem nýtist íbúum og þeim fjölmörgum sem sækja atvinnu og þjónustu. Með hugmyndinni verður til aðstaða sem verður eftirsóknarverð fyrir atvinnustarfsemi.

Út frá hugmynd má áætla að virði byggingarréttar í fyrsta áfanga sé um 2 ma.kr. Núvirt virði hugmyndarinnar, þegar allur stokkurinn er kominn, getur legið á bilinu 15 til 18 ma.kr.

Á reitunum sem myndast með Miklubrautarstokk verður blönduð byggð þriggja til fimm hæða íbúða- og atvinnuhúsnæðis. Miðað er við að fjöldi íbúða verði 1.450 til 1.800. Að því gefnu að hlutföllin verði 75% íbúðir og 25% atvinnuhúsnæði, má gera ráð fyrir að verðmæti byggingarréttar sé á bilinu 65-85 þúsund kr. á byggðan fermetra ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir því að fasteignir í nágrenninu, sérstaklega þær sem liggja að Miklubraut, njóti góðs af auknum gæðum og hækki í verði um 15-20%.

Uppbygging	Byggingarmagn [m ²]	Byggingarréttur [kr/m ²]	Virði byggingarréttar [m.kr.]
Íbúðarbyggð	180.000-210.000	87.000	12.600-15.200
Atvinnuhúsnæði	40.000-65.000	44.000	1.900-2.800
Samtals	220.000-275.000	71.500	14.500-18.000

LOKAORÐ

Tillaga þessi að uppbyggingu Miklubrautarstokks, Borgarlínuleiðar, kjarnastöðvar, samþætting við hverfin í kring og og ný og fyrirhuguð uppbygging, treystir grundvöll borgarsamfélagsins.

Svæði höfuðborgarsvæðisins við Borgarlínu verða nú hnýtt saman, m.a. með Samgöngumiðstöð og kjarnastöð við Miklubraut og tengingu við hjarta Reykjavíkur í gamla miðbænum og úthverfi borgarinnar, önnur sveitarfélög og flugvöllinn í Keflavík.

Jaðar við fyrsta heildarskipulag Reykjavíkur innan Hringbrautar þar sem járnbraut flutti grjót og efnivið til hafnargerðar snemma á 20. öld verður enn á ný lykilstaðsetning fyrir Reykjavíkurborg framtíðarinnar. Borgarumhverfi og ljósberi nýbreytni á grundvelli leiðarljósa Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030/2040.

TEYMIÐ

Teiknistofan Tröð

- Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, verkefnisstjóri og lykilstarfsmaður
- Hans-Olav Andersen, arkitekt, borgarhönnun

Kanon arkitektar

- Birkir Einarsson landslagsarkitekt, lykilstarfsmaður
- Helga Bragadóttir, arkitekt, greinargerð

VSÓ Ráðgjöf

- Smári Ólafsson, umferðar- og samgönguverkfr. lykilstarfsmaður
- Stefán Gunnar Thors, umhverfishagfræðingur
- Andrea Kristinsdóttir, skipulagsfræðingur, landfræðingur, BREEAM
- Svanhildur Jónsdóttir umferðar- og samgönguverkfræðingur

